

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helguvík



Dags eftirlits	6.6.2012	Fulltrúi UST	Gunnlaug H. Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alur	Fulltrúi UST	Kristján Geirsson
Heimili	Borgartúni 26	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	5903982099	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsetinn Adamsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Niðurstaða eftirlitsins er að Alur hafi í fjórum atriðum ekki uppfyllt skilyrði undanþágu umhverfisráðuneytisins frá 16. maí 2011.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í samræmi við ákvæði í undanþágu umhverfisráðuneytisins dags. 16. maí 2011 er varðar förgun á eldri úrgangi á svæðum í Helguvík, á Berghólabraut og í Fitjum.

Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 10. nóvember 2011 kemur fram að flutningur úrgangs af svæðinu á Fitjum hafi verið lokið. Þann 6. júní 2012 var svæði á Berghólabraut skoðað ásamt Ríkharði Friðrikssyni frá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja og starfest að flutningur eldri úrgangs af svæðinu sé lokið. Einnig var förgun úrgangsins í Selvík skoðuð og metin, fylling og vegalagning. Fulltrúi fyrirtækisins var ekki viðstaddur það eftirlit. En eftir úttektina var förgunin rædd við Þorstein Adamsson.

Í undanþágu ráðuneytisins kemur fram varðandi förgun eldri úrgangs að:

"Fyrirtækið skal tryggja að eldri úrgangi fyrirtækisins sem nú liggur á svæðum í Helguvík, á Berghólabraut og í Fitjum verði fargað þannig að af honum stafi ekki mengun. Hafa skal samráð við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um verklag, framkvæmd og eftirlit. Fyrirtækið skal senda tillögu að tímasettri verkáætlun til samþykktar Umhverfisstofnunar eigi síðar en 15. júní 2011. Vinna skal samkvæmt tímasettri verk- og tímaáætlun og hefja förgun úrgangs í samræmi við hana. Förgun skal að fullu lokið fyrir 1. september 2011 og skal það staðfest með eftirliti Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun skal fylgja því eftir að farið verði að samþykktri verkáætlun."

Í eftirliti kom í ljós að gjallsandurinn hafði verið notaður í undirlag við vegaf framkvæmdir niður að Selvíkinni, langt fyrir ofan sjávarmál. Alur sendi Umhverfisstofnun verk- og tímaáætlun þann 13. júní 2011. Þar kemur fram að allur gjallsandurinn verði notaður í kjarna fyllingar í Selvík. Með áætluninni fylgdi teikning frá Verkfræðistofu Suðurnesja með afstöðumynd af framkvæmdum og sýnir fyllinguna. Enn fremur er tilgreint að á teikningunni sé sýnd flæðigryfja sem áætlað sé að setja á þessu svæði.

Umhverfisstofnun gerir marvíslegar athugasemdir við frágang gjallsands og telur að frágangurinn sé ekki í samræmi við skilyrði umhverfisráðuneytisins og lýsingu í verkáætlun. Eins og fram kemur í undanþágu ráðuneytisins skal úrganginum fargað þannig að ekki stafi af honum mengun.

Niðurstoður úr útskolunarprófi sýna flúormagn á bilinu 460 - 1066 ppm í úrgangi frá Berghólabraut og Fitjum og er vel yfir viðmiðunarmörkum fyrir urðun úrgangs á landi. Til að valda ekki mengun þarf gjallsandurinn að vera umlukinn sjó. Slíkt svæði er tilgreint á afstöðuteikningu (í kringum fyrirhugaða flæðigryfju). Þar sem gjallsandurinn er ekki settur í tilgreinda fyllingu umlukinn sjó telst frágangur ekki í samræmi við skilyrði ráðuneytisins og verkáætlun fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að undanþága ráðuneytisins fjallaði einungis um eldri úrgang (miðað við 16. maí 2011). Í eftirliti með starfsemi Als þann 6. júní s.l. kom fram að nýrri úrgangur sem myndaðist eftir 16. maí 2011 og fram til áramóta hafði einnig verið settur í kjarna vegalagningar. Rekstraraðili fór þar með út fyrir heimild sína skv. undanþágu umhverfisráðuneytisins.

Í þriðja lagi er vísað til þess að rekstraraðila bar jafnframt að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Staðfest hefur verið af fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins að ekkert slíkt samráð hafi farið fram.

Í fjórða lagi er ljóst að tímamörk stóðust ekki þar sem verki var lokið í janúar 2012, ekki fyrir 1. september 2011 eins og undanþága ráðuneytisins heimilaði. Umhverfisstofnun var upplýst um tímabundnar tafir þann 30. ágúst 2011. En frá þeim tíma og fram til júní 2012 bárust engar upplýsingar frá rekstraraðil um framgang verksins.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

skilyrðum í undanþágu umhverfissráðuneytisins frá 16. maí 2011

Eldri úrgangi var ekki komið þannig fyrir að ekki stafi af honum mengun. Úrgangurinn er ofansjávar og uppfyllir ekki útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang.

skilyrðum í undanþágu umhverfissráðuneytisins frá 16. maí 2011

Ekki var haft samráð við Heilbrigðisnefnd Suðurnesja varðandi verklag, framkvæmd og eftirlit.

skilyrðum í undanþágu umhverfissráðuneytisins frá 16. maí 2011

Förgun var ekki að fullu lokið fyrir 1. september 2011

skilyrðum í undanþágu umhverfissráðuneytisins frá 16. maí 2011

umfang undanþágunnar nær til eldri úrgangs á svæðum fyrirtækisins í Helguvík. Umhverfisstofnun telur að gjallsandur sem myndaðist eftir að nýtt starfsleyfi til gildi í september 2011 hafi ekki fallið undir heimild til að farga í Selvík, en rekstraraðili kom öllum úrgangi sem myndaðist fram að áramótum í þann farveg.

Reykjavík, 14.06.2012



Gunnlaug H. Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.